2 8 FIMMTUDAGUR 21. JANÚAR 1999 MORGUNBLAÐIÐ

LISTIR

Kjarval og „Kjarval"

MYIVDLIST

Listasafn Iteykjavík-
ur/Kjarvalsstaðir
MÁLVERK JÓHANNES
SVEINSSON KJARVAL

Opið alla daga nema mánudaga
frá kl. 10-18. Aðgangseyrir 300 kr.
Sýningin stendur til 24. nmí.
Sýningarskrá kostar 1.650 kr.

SAMHLIÐA stórri yfirlitssýn-
ingu á verkum Kjarvals frá lokum
síðari heimsstyrjaldar og til andláts
hans árið 1972 hafa stjórnendur
Kjarvalsstaða stigið það djarfa
skref að setja upp í miðrými hússins
sýningu þar sem Einar Garibaldi
Eiríksson tekur ófeiminn á goð-
sögninni um Kjarval - Kjarval sem
táknmynd og táknrænni undirstöðu
í samfélagi okkar. Þetta dregur
ekki á nokkurn hátt úr gildi yfirlits-
sýningarinnar sem mikil vinna hef-
ur verið lögð í að undirbúa og gera
sem best úr garði. Þvert á móti er
óhætt að segja að samsetningin gefi
áhorfendum dýpri skilning á við-
fangsefninu og dragi upp á yfir-
borðið ýmsar mótsagnir í afstððu
þjóðarinnar til þessa uppáhalds-
snillings sín sem annars hefur verið
farið með sem feimnismál. Sam-
setning þessara tveggja sýninga er
svo vel heppnuð að erfitt er að fjalla
um þær hvora fyrir sig án þess að
minnast á hina, en hér verður þó
leitast við að gera hvorri skil á eigin
forsendum.

Kjarvalssýningin ,Af trönum
meistarans 1946-1972" er þriðja og
síðasta sýningin í röð þriggja sem
haldnar hafa verið á undanförnum
fjórum árum og sem Kristín G.
Guðnadóttir hefur haft meginum-
sjón með. Á þessum þremur sýning-
um hefur verið tekið á öllum ferli

Kjarvals. Sú fyrsta fjallaði um mót-
unarárin frá 1895 til 1930, önnur um
landslagslist Kjarvals frá 1931 til
1946, og nú er komið að því að fjalla
um hinn fullþroskaða listamann -
meistarann, eins og snemma var
reyndar farið að kalla hann. Með
hverri sýningu hefur verið gefin út
skrá þar sem Kristín rekur feril
listamannsins á hverju tímabili,
greinir frá viðbrögðum samtíma-
manna við verkum hans og rýnir í
lykilverk. Þá er í skránni æviferill
Kjarvals þar sem greint er frá
vinnu hans, sýningarhaldi og rit-
störfum ár fyrir ár og er mikill
fengur í slíku yfiriiti.

Eins og Kristín nefnir í sýningar-
skránni og eins og allir þekkja sem
reynt hafa að greina verk Kjarvals,
er erfitt ef ekki nær ómögulegt að
flokka þau í tímabil, greina niður
eftir stefnum og stíl eða hólfa niður
á annan hátt. Að vísu má auðvitað í
grófum dráttum rekja helstu áhrifa-
valda í list Kjarvais, þær stefnur
sem hann kynnist ungur og gerir til-
raunir með á námsárunum og fyrst
eftir að hann snýr aftur heim frá
námi. En málaralist Kjarvals er
fyrst og fremst hans eigin og eins og
kemur vel fram á þessari sýningu
beitti hann mismunandi stílaðferð-
um eftir hentugleika hverju sinni og
virðist aldrei hafa litið á þær sem
hugmyndafræðilegt sáluhjálparat-
riði eins og margir samtímamenn
hans og yngri listamálarar. Þannig
snýr impressjónisminn sem Kjarval
kynntist ungur aftur í hraun- og
mosabreiðum, expressjónískir

drættir gera honum kleift að mála
áhrifamiklar mannamyndir og
furðuverur án þess að hirða of mikið
um raunsæi og jafnvel hreinflatar-
málverkið og kúbisminn verða að
eins konar tækni við að draga fram
byggingu hrauns og kletta allt fram
á síðustu starfsár hans. Allar þessar

Dagskráin þín er komin út

20. janúar-2. febrúar

HiimarJensson

gítarleikari kynnir

hlustendum Rásar 1

framsækinn djass.

Litið inn hjá Loga,

llluga og Þóru í

Gettu betur.

Afleiðingar af

hvarf i Michaels Jordans

úr körfuboltanum.

Kvikmyndayfirlit, gagnrýni

og einkunnagjöf

Sæbjörns Valdimarssonar.

t Dagskrárbiaðinu þínu.

JH#t

íallrí sinni mynd!

stefnur og aðferðir fara saman í
verkum Kjarvals, einkum þegar
komið er fram á það tímabil sem hér
er til umfjöllunar.
Við lok síðari heimsstyrjaldarinn-
ar er óhætt að segja að Kjarval hafi
verið kominn á hátind ferils síns.
Sem listamaður hefur hann öðlast
fullkomið öryggi og getur tekist á
við hvaða verkefni sem er og þrosk-
að sínar eigin hugmyndir án þess að
þurfa að leita í smiðju annarra.
Hann er þá jafnframt orðinn vinsæll
listamaður og hefur því fjárráð til
að vinna áhyggjulaus að list sinni og
takast á við stærri málverk en áður;
hann þarf ekki lengur að spara við
sig striga og lit. Þá málar hann
meðal annars stóru myndina
„Krítik" sem er ein af lykilmyndun-
um á þessari sýningu.

Á sýningunni er margt kunnug-
legra verka eins og eðlilegt er þegar
rekja á feril svo þekkts listamanns,
en þar er líka að finna sjaldséðari
verk - mörg úr einkaeign - sem list-
unnendur ættu ekM missa af að-
skoða. Meðal margra áhugaverðra
mynda má nefna málverk úr Gálga-
hrauni frá árinu 1960 þar sem sam-
spil geómetrískra forma lífgar
hraunmyndanirnar. Geómetrían
verður Kjarval líka tæki til nátt-
úrutúlkunar í myndinni „Land og
loft" frá árinu 1965, en þá mynd gaf
Eyrún Guðmundsdóttir, Kjarvals-
stöðum. Symbólisminn eða táknsæ-
ið sem var svo ríkur þáttur í list
Kjarvals sést hér víða í áhugaverð-
um myndum, til dæmis í myndunum
„Skýjafar" frá 1955 og „Storknaður
hraði" frá 1954, en þær eru báðar í
einkaeign. Fantasían og ævintýra-
heimurinn sjást hér líka, til dæmis í
myndinni „Ævintýri á hafinu" frá
1948, og einfaldur, einlægur natúr-
alisminn nýtur sín í verkum eins og
„Tjaldið mitt" frá 1946, en báðar
síðastnefndu myndirnar eru líka í
einkaeign.

Þessi yfirlitssýning hlýtur að telj-
ast mjög vel heppnuð og til fyrir-
myndar um margt. Auðvitað má
alítaf kvarta yfir því að hin eða

JÓHANNES Kjarval: Hinn tröllslegi „Amor Islands", mynd frá 1946 í eigu Reykjalundar.

þessi myndin sé ekki höfð með, en
hér hefur verið tekin sú stefna að
blanda saman þekktum lykilverkum
og óþekktari myndum sem sjaldan
hafa komið fyrir augu almennings.
Einmitt þess vegna verður sýningin
svo spennandi, lifandi og áhuga-
verð. Á henni kynnast jafnvel þeir
sem best til þekkja nýjum verkum
um leið og samhengið er rakið með
tilvísun til verka sem flestir þekkja.
Þessi sýning er því ekki aðeins
fræðileg úttekt heldur lifandi og
spennandi listupplifun.

MÁLVERK/BLÖNDUÐ TÆKNI
EINAR GARIBALDI EIRÍKSSON

Til 14. mars. Sýningarskrá
kostar 1.000 kr.

EINS og getið var hér að ofan er
í miðrými Kjarvalsstaða sýning þar
sem Einar Garibaldi Eiríksson tek-
ur ófeiminn á goðsögninni um Kjar-
val, sambandi þjóðarinnar við þenn-
an sérvitra snilhng sinn og ýmis
feimnismá þar að lútandi. Sýningin
ber yfirskriftina „Blámi" en það vís-

ar bæði til litarins sem ráðandi er í
myndunum og til fjarlægðarinnar
sem gerir fjöllin blá og látna Iista-
menn að goðum. I þessum bláma
sér þjóðin sjálfa sig speglaða í goð-
sögninni um listamanninn, allt sem
á hann minnir er oi-ðið hluti af
sjálfsskilningi okkar og hann er
meira að segja orðinn „óbein trygg-
ing fyrir verðgildi íslensku krón-
unnar", eins og Jón Karl Helgason
segir í inngangi að sýningarskrá og
vísar þá til tvö þúsund króna seðils-
ins sem Seðlabankinn setti í umferð
ekki fyrir löngu.
Einar Garibaldi hefur áður sýnt
að hann kann einkar vel að fara með
tákn eða merki í myndlist - að
draga fram djúpar og margræðar
tiMsanir úr hversdagslegustu tákn-
um og vegamerkjum. Hér setur
hann fram heilan táknheim sem all-
ur hverfist um Kjarval, ímynd hans
og minningu. Hér má sjá hið fræga
fangamark meistarans, tölustafina
sem sýna verðgildi seðilsins sem
ber mynd hans og merki Reykjavík-
urborgar sem hefur tekið að sér að

I kyrrðinni
INNSETNING BRITT SMELVÆR

Opið alla daga nema mánudaga frá
10-18. Aðgangseyrir kr. 800. Sýning-
in stendur til 7. mars. Sýningarskrá
kostar kr. 750.

LÍKT og í flestum öðrum list-
greinum hefur tilhneigingin í
textíllist undanfarna tvo áratugi
verið til að leita útfyrir hin hefð-
bundnu takmörk fagsins, leita efna
og aðferða annarra en þeirra sem
forfeður og -mæður okkar ánöfnuðu
okkur með vefstólnum og leitast við
að virkja þá fjölbreyttu tjáningar-
möguleika sem spruttu. upp af
konseptlistinni og hinum marghátt-
uðu nýlistarstefnum sjöunda og átt-
unda áratugarins. Ferill norsku
listakonunnar Britt Smelvær end-
urspeglar þessa þróun. Fyrir tæp-
um tuttugu árum ákvað hún að yfir-
gefa ekki aðeins hefðbundnar að-
ferðir heldur einnig hinn hefð-
bundna sýningarvettvang sýningar-
salarins. Þess í stað fór hún að
vinna útiverk sem áttu meira skylt
við landlist eða náttúruinnsetningar
en textíl. Efniviðinn fann hún þá
gjarnan í náttúrunni sjálfri, trjá-
greinar og skífur skornar af trjábol-
um. Af þessari vinnu spruttu ýmist
skúlptúrar sem standa úti í náttúr-
unni eða jafnvel verk sem verða
varanlegri hluti af náttúrunni og
ummynda hana sjálfa, eins og tjörn-
in sem hún gróf á Jótlandi árið 1992
og sjá má af mynd í sýningarskrá.
í sýningunni sem nú má sjá á
Kjarvalsstöðum hefur Britt snúið
aftur inn í sýningarsalina, en það er
óhætt að segja að hún lætur á eng-
an hátt stjórnast af rými safnsins
heldur ummyndar það og endur-
skapar að eigin geðþótta. Upphaf-
lega hugmyndin að verkunum sem
hún sýnir nú kviknaði þegar hún

BRITT Smelvær endurskapar rýmið í sal Kjarvalsstaða.

fékk að verja tveimur vikum í vegg-
fóðursverksmiðju í Danmörku árið
1995 þar sem hún gerði tilraunir
með veggfóðursstrangana og leitaði
leiða til að fella þá inn í listsköpun
sína. Niðurstaðan var annarsvegar
að fræsa veggfóðursstrangana nið-
ur í hálfkúlur Hkt og í verkunum
sem sjá má á gólfinu á Kjarvals-
stöðum, en hins vegar að brjóta
pappírinn í fellingar, klæða með
honum veggi og umskapa rými.
Það er óhætt að segja að Britt
hafi umskapað salarkynnin á Kjar-
valsstöðum, enda standa flestir
áhorfendur kyrrir nokkra stund
þegar þeir koma inn í salinn og sjá
pappírsfellingar hennar fyrst. Fell-
ingarnar ná frá gólfi upp í loft - eða
upp í strúktúrínn sem hangir úr
loftinu í vestursal hússins - og und-
arlegt samspil skugga og birtu
skapa draumkennd hrif sem yfir-

skrift sýningarinnar lýsir vel:
Kyrrð. Sú kyrrð sem áhorfandinn
skynjar á jafnvel eitthvað skylt við
náttúrukyrrð, djúpa ró sem lýsir
sjónrænni upplifun og heildarhrif-
um. Einfaldleikinn í framsetning-
unni leiðir hugann frá verkinu sjálfu
að einhverju innra rými sem er af-
strakt og fullkomlega tært, ómeng-
að og stílhreint.
Innsetning Britt Smelvær á Kjar-
valsstöðum er afar áhugaverð fyrir
margar sakir. Hún sýnir hvernig
beita má einföldum fjöldaframleidd-
um efnivið til að ná fram sterkum
áhrifum og skapa verk sem er í
senn afskaplega einfalt og ákaflega
fallegt. En hún sýnir líka hvernig
ögun og hófsemi í sköpun geta farið
saman við stórhug og róttæka end-
ursköpun. Fyrir það verður sýning-
in bæði áhrifamikil og eftirminnileg.
Jón Proppé